



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Ráðgjafapjónusta í landbúnaði á Norðausturlandi

Búgarði Óseyri 2 • 603 Akureyri • Sími 460 4477 • Fax 460 4478 • Netfang: bugardur@bugardur.is
Garðarsbraut 5 • 640 Húsavík • Sími 460 4477 • Fax 464 0406

Alþingi
Erindi nr. P 131/1689
komudagur 28.4.2005

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Í nýju lagafrumvarpi er gert ráð fyrir að framleiðendur greiði allan kostnað vegna viðbótarsýna eða prófana.

Í greinargerð með lagafrumvarpi er það rökstutt með eftirfarandi:

"Tekið er fram í greininni að framleiðandi, þar sem greinst hefur smitefni, þarf sjálfur að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst, enda er það í anda þess að þeir sem þarfnist nánara eftirlits, e.t.v. vegna verri aðstöðu eða verra heilbrigðis hjarðar, borgi þann kostnað sjálfir. Þannig ætti það að vera framleiðendum til hagsbóta að hafa ástand búa sinna með þeim hætti að ekki þurfi að koma til sérstakra prófana vegna smitefna hjá þeim."

BSE er ekki mótfallið því að búvöruframleiðendur séu ábyrgir gjörða sinna en telur að í þeim tilfellum sem upp kunna að koma skæðir smitsjúkdómar geti það varla verið eðlilegt eða sanngjarnt að sá sem fyrir því verður beri einn kostnað sem af því kann að hljóttast, ss. af sýnatökum og prófunum eftirlitsdýralækna. Þarna má nefna sjúkdóma á borð við riðu og garnaveiki, þar sem sýnataka hlýtur að teljast vörn gegn frekari útbreiðslu og þar með í almannapágu. Stjórn BSE telur að þarna þurfi að vera hreinar línur og ljóst hvernig á slíkum málum yrði tekið.

Akureyri 26/5/2005

Virðingarfyllt

Fh. BSE

Vignir Sigurðsson
framkvæmdastjóri

Til landbúnaðarnefndar

Alþingi
Erindi nr. P 131/1688
komudagur 28.4.2005

Umsagnir Búnaðarsambands Skagfirðinga (BSS) um þingmál.

1. Frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum nr. 70/1998.

Athugasemd: Samhliða lagabreytingu þessari þarf að gera breytingar á lögum um virðisaukaskatt, þannig að greiðslur samkvæmt nýjum samningi um mjólkurframleiðslu rýri ekki möguleika Búnaðarsambanda og sæðingastöðva til endurgreiðslu innskatts í rekstri sínum. Verið er að færa ríkisstuðning milli "hólfa" úr hólfinu beingreiðslur sem eru einstaklingstengdar greiðslur undanþegar virðisaukaskatti yfir í almennar niðurgreiðslur á sæðingum sem njóta ekki sérstakrar niðurgreiðslu.

2. Frumvarp um útflutning hrossa.

Engar athugasemdir

X **3. Frumvarp um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, o.s.frv. 726. mál.**

Athugasemd: Mikilvægt er að tryggja að þessi breyting verði ekki til kostnaðarauka og athuga ber hvort ekki megi koma á samkeppni í eftirlitsiðnaðinum svo slík starfssemi lifi ekki sjálfstæðu lífi án kostnaðarmeðvitundar.

4. Frumvöp um landbúnaðarstofnun, 700. mál og breytingar á ýmsum lögum, 7001. mál.

Athugasemd: Stjórn BSS leggur áherslu á að nýrri stofnun verði fundinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að landbúnaðarstofnun verði staðsett sem næst þeim sem þjónustuna veita. Þessi tvö atriði telur stjórn BSS æskilegt að séu bundin í lög. Tilvalið er að staðsetja slíka stofnun í Skagafirði, bæði ú frá ofangreindum sjónarmiðum og vegna nálægðar við stórar afurðastöðvar í mjólkur- og kjetiðnaði, svo og út frá bygðarsjónarmiðum.

5. Óumbeðin athugasemd vegna frumvarps um sölu á Lánasjóði landbúnaðarins.

“Stjórn BSS hvetur alþingi til að setja hagsmuni skuldara Lánasjóðs landbúnaðarins í fyrirrúm þegar ákvörðun verður tekin um framtíð sjóðsins. Mikilvægt er að tryggja að sanningsstaða bædna við aðrar lánastofnanir verði ekki rýrðir með því að færa fyrsta veðrétt á þorra bújarða í hendur einkarekins banka án aðkomu skuldara.”

Sauðárkróki 26. apríl.

Fh. Stjórnar. Ingibjörg Hafstað, formaður BSS.



Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. apríl 2005
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, 726. mál, heilbrigðiseftirlit
Tilv: 2005040011

Vísað er í erindi landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 13. apríl sl. varðandi ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér, annars vegar, að verið er að skilgreina það eftirlit með sláturhúsum og sláturafurðum sem gjaldskyld heilbrigðiseftirlit nær til, og hins vegar er lagt til að gjaldheimtan færist til yfirdýralæknis samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, í stað þess að nú er gjaldið ákveðið í lögum pr. kg kjöts, breytilegt eftir tegundum.

Skilgreiningu á verkefnum þeim, sem gjaldið á að standa undir er nú að finna í reglugerð nr. 708/1996, og er frumvarpið eins og reglugerðin að þessu leyti, nema hvað e-liður 1. greinar er nýr.


Stjórn Bændasamtaka Íslands telur, að d-liður frumvarpsins eigi ekki að vera kostaður af eftirlitsgjaldi. Um er að ræða þjálfun starfsfólks og endurmenntun. Hér er of langt seilst til að koma eðlilegum rekstrarkostnaði hins opinbera yfir á sláturhúsin.

Þá er í 1. grein frumvarpsins kveðið á um viðbótarsýni og prófanir, sem framleiðendur geta óskað eftir á vissum forsendum, og skulu þeir þá greiða sjálfir fyrir en þessar rannsóknir ekki kostaðar af eftirlitsgjaldinu.

Nú kann að háttá misjafnlega til um ástæður til slíkrar sýnatöku, en í dag mun algengasta ástæðan varða eftirlit með salmonellu í svínakjöti, og er nýlega genginn dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur sem skar úr um að slík sýnataka og rannsóknir skuli borin uppi af eftirlitssjóði. Það er skoðun stjórnar Bændasamtakanna, að þetta eftirlit sé svo mikilvægt greininni allri og þess eðlis að eðlilegt sé að það sé kostað af sameiginlegu eftirlitsgjaldi fremur en þeim einstaklingum sem fyrir verða hverju sinni. Þetta er og afstaða Svínaræktarfélags Íslands.

Núverandi fyrirkomulag gjaldtöku er vissulega stírt, en það hefur þann kost að það markar heilbrigðiseftirlitinu fjárhagsramma, sem það verður að halda sig við. Hættan við breytinguna samkvæmt frumvarpinu er sú, að það slakni á aðhaldinu og kostnaður þenjst út. Ákvæðið um "raunverulegan kostnað" eitt og sér veitir takmarkaða vörn að þessu leyti. Það er því nauðsynlegt, ef sú leið verður farin að ákveða gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá, að kveða skýrt á um aðferð við setningu gjaldskrár og skilyrði fyrir gjaldskrárbreytingum. Í frumvarpinu kemur t.d. ekki fram á hvaða grunni gjaldskrá verði byggð, hvort áfram verði miðað við kg kjöts eða hvort aðrar forsendur verði lagðar til grundvallar. Eðlilegt er að nota orðalag eins og "sannanlegan raunkostnað" og leggja landbúnaðarráðherra þá kvöð á herðar, að hann meti sjálfstætt hækkunartilefni hverju sinni sem fram á slíkt er farið.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 131/1802
komudagur 3.5.2005

Umsögn um frumvarp til laga um eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 726. mál,
heilbrigðiseftirlit eftirlitsdýralækna.

Hagþjónusta landbúnaðarins gerir ekki athugasemd við ofangreind frumvarp til laga.

Virðingarfyllt,

Jónas Bjarnason,
forstöðumaður.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1546
komudagur 25.4.2005

Höfn 25.04.05

Kjartan Hreinsson
Héraðsdýralæknir A-Skaft.

Alþingi Íslendinga
150 Reykjavík.


Efni; Frumvarp til laga , um breytingu á lögum nr. 96/1997.

Undirritaður sér ekki neitt því til fyrirstöðu að samþykkja breytingu þá sem lögð er til í frumvarpinu. Þó með þeirri breytingu að í e-lið 3ju síðustu línu komi innskot (**feitletrað**)

“Ráðherra er m.a. heimilt, að fengnu álit Yfirdýralænis, að kveða nánar osfrv.”

Greinargerð; Ljóst er að valdið er hjá ráðherra , en til að tryggja að fagleg sjónarmið er varða heilbrigði ofl. verði ekki fyrir borð borin á kostnað td. viðskiptahagsmuna , ef sú staða kynni að koma upp, þá sé settur þessi varnagli. Einnig gæti hið gagnstæða komið upp, að herða þyrfti á ákvæðum , þá verða alþjóðleg fagleg sjónarmið að ráða. Yfirdýralæknir er sá sem hefur þessa faglegu yfirsýn (sbr. Landlæknir um fólk) .

Varðandi kostnaðinn og gjaldtöku, sýnist mér að þarna sé verið að tala um aðferð til að ná inn krónum. Miðað við að Yfirdýralæknisembættið hafi tapað 90 millj. kr. á gjaldþrotum sláturleyfishafa, finndist undirrituðum ekki óeðlilegt að binda framvindu sláturleyfa frá mánuði til mánaðar við að eftirlitsgjöld séu greidd , eins og önnur vörslugjöld fyrir hið opinbera. (virðisaukaskattur, tryggingagjald osfrv.) Ljóst er að vinnan er framkvæmd en ekki greidd, ef sláturleyfishafinn borgar þegar honum hentar (eða ekki).

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinsson

Alþingi
Erindi nr. P 131/1613
komudagur 26.4. 2005



Embætti yfirdýralæknis
<http://www.yfirdyralaeknir.is>
Austurlandsumdæmi nyrðra
Björn Steinbjörnsson
héraðsdýralæknir


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 26.04.2005

Efni: Þskj. 1058 — 700. mál og 1084 — 726. mál.

Undirritaður gerir ekki athugasemdir við ofangreind þingskjöl.

Virðingarfyllt


Björn Steinbjörnsson, dr.med.vet

Alþingi
Erindi nr. P 131/1653
komudagur 27.4.2005

Landbúnaðarnefnd Alþingis

Frumvarp til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra.....

Ég Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, kt. 280862-3639, Héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi sé ekki ástæðu til þess að gera sérstakar athugasemdir við ofanefnt frumvarp.



Landbúnaðarháskóli Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 131/1743
komudagur 29.4.2005

Hvanneyri 29.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tilvísun: Umsögn um frumvarp til laga um eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, mál nr. 726.

Landbúnaðarháskóli Íslands gerir enga athugasemd við frumvarpið, en vill þó benda á að skv. frumvarpi til laga um landbúnaðarstofnun (mál 700) verður embætti yfirdýralæknis lagt niður.

Virðingarfyllt

Agúst Sigurðsson
Rektor.



Landssamtök
sauðfjárbænda

Alþingi
Erindi nr. P 131/1597
komudagur 25.4.2005


Reykjavík 25. apríl 2005


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni bréfs: Álit Landssamtaka sauðfjárbænda á frumvarpi til laga um eldi sláturdýra, slátrun og gæðamati sláturafurða, 726. mál, heilbrigðiseftirlit eftirlitsdýralækna.

Landssamtök sauðfjárbænda vilja benda á að á síðustu misserum hafa ýmsar reglugerðir og lög orðið þess valdandi að álögur á bændur hafa aukist umtalsvert. Til að mæta auknum álögum hafa tekjur bænda ekki aukist heldur þvert á móti. Aukin kostnaður við eftirlit við slátrun endar alltaf á bændum í formi aukins sláturkostnaðar, þar sem sláturleyfishafar velta auknum kostnaði af sér yfir til bænda. Óska Landssamtök sauðfjárbænda eftir því að í þessari lagasmíð verði það haft til hliðsjónar og að ekki komi til mikill kostnaðarauki við slátrun.

Landssamtök sauðfjárbænda


Ózur Lárusson
Framkvæmdastjóri
Bændahöllinni v/Hagatorg
107 Reykjavík.



Alþingi
Erindi nr. P 13. / 1545
komudagur 25.4. / 2005

Reykjavík 25. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat.

Umsögn Landssamtaka sláturleyfishafa:

Það er mat Landssamtaka sláturleyfishafa að frumvarp þetta, verði það að lögum, verði mjög íþyngjandi fyrir sláturleyfishafa. Ekki er lengur að sjá að kostnaður við eftirlit í sláturhúsum þurfi að miðast við ákveðið fjármagn, heldur skal landbúnaðarráðherra ákveða gjaldskrá sem stendur undir því eftirliti sem viðhaft verður. Telja verður að til lengri tíma lítið muni þetta auka kostnað við eftirlit í sláturhúsum og þar með hækka sláturkostnað.

Einnig má benda á að í sumum sláturhúsum sinna héraðsdýralæknar eftirliti í sláturhúsum samhliða starfi sínu sem héraðsdýralæknar. Ljóst má vera að ef frumvarp það, sem hér um ræðir, verður að lögum óbreytt eru sláturleyfishafar, og þar með bændur, að greiða hluta af launum héraðsdýralækna með gjaldtöku þessari.

Eins og er, er þessum málum þannig háttað að til að standa undir þessum kostnaði er tekin ákveðin krónutala af hverju kg kjöts sem lagt er inn í sláturhús. Vandséð er annað, ef þetta frumvarp verður að lögum, en að það opni fyrir frjálsan aðgang landbúnaðarráðuneytisins að fjármunum sláturleyfishafa. Sátt hefur ríkt um núverandi gjaldtöku síðustu misseri og því verður ekki séð að nokkur þörf sé á breytingum á henni. Þó svo að gert sé ráð fyrir því að gjaldtaka mæti raunkostnaði við eftirlitið opnast möguleiki á því að sá kostnaður geti hækkað stjórnlítið ef ekki verður sett eitthvert þak á hann.

Virðingarfyllst,
F.h. Landssamtaka sláturleyfishafa
Gudrún S. Sigurjónsdóttir
Gudrún Sigríður Sigurjónsdóttir



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

26.4.2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði slátur-dýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, 726. mál.

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtökin taka undir og leggja ríka áherslu á nauðsyn þess að gjaldtaka fyrir heilbrigðiseftirlit endurspegli raunverulegan kostnað við eftirlitið, þ.e.a.s. kostnað við laun og ferðakostnað kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra og lögbundna sýnatöku í sláturhúsum og úrvinnslu þeirra.

Hins vegar telja Samtökin að rannsóknir á sýnum vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleyfum og aðskotaefnum, skv. c. lið í frumvarpinu, falli undir lögbundna vöktun hins opinbera og eigi að greiðast af almannafé en teljist ekki hluti af heilbrigðiseftirliti. Sama má segja um liði d. og e. í frumvarpinu. Það er ekki ásættanlegt að leggja á atvinnulífið sérstakt eftirlitsgjald vegna óskilgreindrar endurmenntunar kjötskoðunarlækna, þ.e. vegna námsskeiðahalds þeirra og viðhaldsmenntunar t.d. erlendis eða að kostnaður við alla yfirstjórn málaflokksins eigi að falla á fyrirtækin. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður ráðherra einnig með útgáfu reglugerðar: “m.a. heimilt að kveða nánar á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur”.

Þessi grein er alltof óljós og víðtæk og felur í sér valdaframsal löggjafans til stjórnvalda til setningar reglugerðar um gildissvið eftirlitsins.

Samtökin telja afar mikilvægt að haft sé fullt samráð við hagsmunaaðila, þ.e. sláturleyfishafa, um þessar breytingar en ekki kemur fram í frumvarpinu að það hafi verið unnið í samvinnu við þá. Vinnist ekki tími til slíks raunverulegs samráðs fyrir lok vorþings telja samtökin að fresta eigi gildistöku laganna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón R. Pálsson

Jón. R. Pálsson

f.h. Samtaka iðnaðarins

Ragnheiður Héðinsdóttir

Ragnheiður Héðinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 131/1773
komudagur 2.5.2005

ICELANDIC PORK PRODUCERS ASSOCIATION SVÍNARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
DEN ISLANDSKE SVINEAVLSFORENING
TEIGI, 601 AKUREYRI ISLAND
SÍMI/TEL.: +354 463 1352, +354 861 9101, TELEFAX +354 463 1552



Landbúnaðarnefnd Alþingis
b/t nefndarritara Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Alþingi
150
Reykjavík

Teigi 29. apríl 2005

Efni: Mál nr 726

SFÍ gerir athugasemd við e. lið 1. greinar frumvarpsins, en þar segir orðrétt.

“Eftirlitsgjald tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að framan greinir, svo sem vegna viðbótarsýna eða prófana sem framleiðandi á búi þar sem greinst hefur smitæfni er ógnar matvælaöryggi kann að óska eftir. Slikur kostnaður greiðist af viðkomandi framleiðanda. Beiðni um viðbótarsýnatökur skal vera skrifleg.

SFÍ leggur til að e. liður 1. greinar frumvarpsins verði breytt á eftirfarandi hátt:

Öll viðbótarsýni eða prófanir verði tekin úr opinberum sjóðum.

Greinargerð

Landbúnaðarráðherra skipaði starfshóp sem á árinu 2002 skilaði skýrslu um “*Salmonella* og *Campylobacter* í dýrum og umhverfi á Suðurlandi”.

Þá var jafnframt gefin út greinargerð af Yfirdýralæknisembættinu í október 2003 “*Breytt eftirlit með Salmonella í svinum*”.

Í þessum skýrslum kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Salmonella er víða til staðar í náttúrunni og við það verður ekki ráðið
- Salmonella (Infantis) sem greindist á 6 svínabúum og 2 kjúklingabúum árið 2001 hefur að öllum líkindum komið með fóðri

Af framansögðu má ljóst vera að Salmonella er viðtækt vandamál sem snertir alla þá sem að framleiðsluferli og sölu matvöru koma þ.e. fôðursala, bændur, sláturleyfishafa, vinnslur, smásala og síðast en ekki síst neytendur. Svínabændum finnst því mjög ósanngjarnt að þeir þurfi alfarið að standa straum að kostnaði og/eða tekjutapi þegar Salmonella greinist í þeirra afurðum. Á síðustu árum hefur greinin tapað miklum fjárhæðum vegna Salmonella í svínunum og nú er svo komið að þetta er jafnvel að sliga rekstur einstaka framleiðenda. Á sama tíma horfa svínabændur á það hvernig búgrein sem er í samkeppni við þá fær fullar bætur til þess að berjast við sjúkdóm sem þar hefur valdið miklu tjóni. Ekki eru gerðar athugasemdir við það ef hið opinbera vill taka þátt í að útrýma sjúkdómum sem herja á einstaka búgrein, en það er þó krafa svínabænda að allir sitji við sama borð í þessum efnunum. Svínabændur telja að þarna sé verið að brjóta jafnræðisregluna.

Virðingarfyllst,

f.h. Svínaræktarfélag Íslands



Ingvi Stefánsson



Alþingi
Erindi nr. P 131/1503
komudagur 22. 4. 2005



EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS

Alþingi
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndaritari
150 REYKJAVÍK

Sölvhólsgrata 7 - 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími 552 1160
kt 660169-5399
www.yfirdyralaeknir.is

Reykjavík, 22. apríl 2005
Tilvísun: YDL05040023/110
SÖH/--

Vísa til bréfs landbúnaðarnefndar alþingis dagsettu 13. apríl 2005 með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 726. mál, heilbrigðiseftirlit héraðsdýralækna.

Umsögn:

Embætti yfirdýralæknis fagnar frumvarpinu og telur að það sé til bóta.

Með því sé skýrt hvaða kostnað gjald sem sláturleyfishafar greiða fyrir eftirlit skuli standa straum af.

Mikilvægt er að þetta skýrt sé og að ekki leiki vafi á hvaða eftirlitsþáttum gjaldið skuli standa straum af.

Embættið fagnar því einnig að gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra gefi út gjaldskrá um heilbrigðiseftirlitið og sé hún byggð á raunverulegum kostnaði við eftirlitið.

Embættið telur auðveldara að tryggja að eftirlitsgjaldið sé byggt á raunkostnaði með þeim hætti, en ef breyta þarf lögum þegar kostnaður breytist.

Embættið yfirdýralæknis vill jafnframt leggja mikla áherslu á að ekki má leika minnsti vafi á að embættið sem eftirlitsaðili sé fjárhagslega óháð sláturleyfishöfum sem eftirlitspolum.

Embættið vill einnig benda á að í nágrannalöndum okkar er eftirlitsgjaldið gjarnan byggt á einingagjaldi eins og gjald/kg kjöts, gjald/sláturdýr eða gjald /tonn unninna afurða, sbr. meðfylgjandi reglugerð Evrópusambandsins nr. 882/2004 um opinbert matvælaeftirlit.

Virðingarfyllt

f.h.v.

Sigurður Örn Hansson
aðstoðaryfirdýralæknir